

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðanna Ness og Bjarnastaða, beggja í Selvogshreppi, skulu vera þessi: Bein lína frá Unhól eftir markagarði í sjó út um vestanvert Markasker, yfir austurhorn Klasbarða, vestan Fénaðarflúða og skammt austan við Selasker. Kostnaður til dómenda greiðist af aðiljum að jöfnu, að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja að því er greiðslu málskostnaðar snertir, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. febrúar 1939.

Nr. 122/1938. Víbekka Jónsdóttir

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Björgvin Jónssyni, Guðmundi Ögmundssyni og váttryggingarfélaginu „Baltica“ (Sveinbjörn Jónsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómi í máli þessu, uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 22. marz 1937, hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 8. des. 1938 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936. Hér fyrir dómi gerir áfrýjandi þær kröfur, að stefndur Björgvin Jónsson verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 6096.80 með 5% ársvöxtum frá 5. febr. 1937 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Á hendur hinum stefndu Guðmundi Ögmundssyni og váttryggingarfélaginu

„Baltica“ gerir áfrýjandi engar kröfur hér fyrir dómi.

Af hálfu hinna stefndu er aðallega krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að krafa áfrýjanda verði færð niður, og málskostnaður þá látinn niður falla.

Þann 25. júlí 1936, áður lagt væri af stað í norðurför þá, er í máli þessu greinir, greiddi eiginmaður áfrýjanda, Valdemar Ólafsson, stefnda Björgvin fyrir sig, áfrýjanda og stúlku, er var á vegum þeirra hjóna, kr. 82.00, og kvittar Björgvin þá fyrir það, að hjónin hafi greitt honum „fargjald frá Reykjavík til Akureyrar í bifreiðinni R. E. 1094 kr. 82.00“. Kveður áfrýjandi gjald þetta hafa verið miðað við venjuleg fargjöld á þeim tíma með áætlunarbifreiðum þessa leið, og hafi þau hjónin átt að greiða viðbótarfargjald, ef þau færu lengra í bifreið stefnda Björgvins. Þessari skýrslu áfrýjanda, sem styðst við orðalag ofangreindrar kvittunar, hefir stefnda Björgvin ekki tekizt að hnekkja, og verður því að telja áfrýjanda hafa verið farþega gegn borgun í bifreið hans, er slysið bar að höndum. Og þar sem ekki er upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir aðgæzlu þá og varkárni, sem öikumanni var skylt að gæta, þá ber stefndi Björgvin samkvæmt 16. sbr. 15. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931 ábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi hefir beðið vegna umrædds ökuslyss.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar áfrýjandi þannig:

1. Fargjald fyrir þau hjón frá
Reykjavík til Akureyrar kr. 82.00
2. Greitt Jóni Geirssyni lækni — 50.00

3. Greitt fyrir fæði og húsnæði áfrýjanda á Akureyri	kr.	120.00
4. Greitt sjúkrahúsi á Akureyri	—	5.00
5. Greitt nuddlækni	—	15.00
6. Ferðakostnaður frá Akureyri til Reykjavíkur	—	51.60
7. Ferðakostnaður frá Akureyri til Reykjavíkur	—	108.00
8. Greitt Gunnlaugi Einarssyni lækni	—	110.00
9. Greitt Karli Jónssyni lækni	—	50.00
10. Greitt lyfjabúð K. E. A.	—	5.20
11. Vinnutjón í 2½ mán. 200/00 ..	—	500.00
12. Þjáningar og andlitsskemmdir ..	—	5000.00
Samtals		kr. 6096.80

Upphæðir þær, sem í 2., 4., 5., 8., 9. og 10. lið greinir, hafa engum sérstökum andmælum sætt og verða því til greina teknar. Þessar fjárhæðir nema samtals kr. 235.20.

Um 1. lið. Áfrýjandi og eiginmaður hennar þykja ekki eiga rétt til að fá endurgreitt fargjaldið norður, þótt ökuslys þetta yrði í þeirri för. Verður þessum lið því ekki sinnt.

Um 3. lið. Áfrýjandi dvaldist á Akureyri vegna slyssins frá 26. júlí til 18. ágúst 1936. Kostaði fæði hennar og húsnæði þann tíma kr. 120.00. Þar sem hér er um kostnað vegna slyssins að ræða, þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina að fullu.

Um 6. og 7. lið. Hér er talinn í tveimur liðum ferðakostnaður áfrýjanda og eiginmanns hennar með skipi frá Akureyri til Reykjavíkur. Eftir því, sem fyrir liggur, má ætla, að aukinn kostnaður þeirra hjóna við að fara með skipi hingað suður í stað bifreiðar nemi kr. 80.00, og þar eð ekki þótti

fært, að áfrýjandi færi suður með bifreið vegna meiðsla þeirra, er hún hafði hlotið, ber að dæma stefnda Björgvin til að greiða þenna kröfulið með kr. 80.00.

Um 11. lið. Í málinu er ekki upplýst, hvort áfrýjandi vann fyrir kaupum hjá öðrum á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Með tilliti til þess, að áfrýjandi hefur ekki getað notið sín til fulls við heimilisvinnu um nokkurt skeið vegna meiðslanna, þykja bætur fyrir vinnutjón hæfilega metnar kr. 200.00, er stefnda Björgvin ber að greiða.

Um 12. lið. Samkvæmt vottorði Jóns Geirssonar læknis, er stundaði áfrýjanda, meðan hún lá á Akurcyri, fyrst eftir slysið, var meiðslum hennar þannig varið: „Sjúklingurinn hafði stóran skurð þvert yfir nefið, þar sem samskeyti beins og brjósks eru, og var miðnesisbrjóskið þar skorið frá og hægri nefbeinsvængur brotinn. Auk þess hafði sjúkl. marizt mikið aftan á v. læri“. Kveður læknirinn hér vera um mikið líkamslýti að ræða, sem síðar verði frekar að gera við. Eftir að áfrýjandi kom til Reykjavíkur, leitaði hún lækninga hjá Gunnlaugi lækni Einarssyni við andlitsmeiðslunum, auk þess sem hún naut ljós- og nuddlækninga hjá Karli lækni Jónssyni vegna meiðsla á vinstra læri. Meiðslum áfrýjanda og afleiðingum þeirra lýsir Gunnlaugur læknir þannig í vottorði 16. marz 1937: „Nefið hafði skorizt mjög illa við slysið og aflagazt bæði utan og innan. Hún var að mestu gróin sára sinna, er hún kom til mín, og hafði fengið flatan nefhrygginn eða söðulnef, en við það höfðu nefgöngin kýtzt saman, einkum vinstra megin, og er það mjög þröngt og henni til бага við andardrátt, þótt eitt-

hvað mætti það laga við operation, er óhugsandi, að það geti orðið nokkurntíma jafngott.“

Með hliðsjón af þessum lýsingum meiðslanna og afleiðinga þeirra þykja bætur fyrir þjáningar og lýti til handa áfrýjanda, sem var 24 eða 25 ára, er hún varð fyrir slysinu, hæfilega ákveðnar kr. 2400.00.

Greiðslur stefnda Björgvins til áfrýjanda verða þá kr. 235.20 + kr. 120.00 + kr. 80.00 + kr. 200.00 + kr. 2400.00 eða samtals kr. 3035.20 með 5% árs-vöxtum frá 5. febrúar 1937 til greiðsludags.

Það þykir og rétt, að stefndi Björgvin greiði áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Eins og fyrr segir, var héraðsdómur í máli þessu kveðinn upp 22. marz 1937. Þann 25. júní s. á. var áfrýjunarstefna tekin út í málinu af umboðsmanni áfrýjanda hér fyrir dómi, Stefáni Jóh. Stefánssyni hæstaréttarmálflutningsmanni, en þess ekki gætt að afla áfrýjunarleyfis. Málið var þingfest í hæstarétti í október 1937, en ágrip dómsgerða afhent réttinum 18. maí 1938. Málið skyldi flytja þann 23. nóv. s. á., en var þá frestað, og er það var á ný tekið fyrir í hæstarétti 19. des. s. á., hóf nefndur umboðsmaður áfrýjanda það. Var síðan tekin út áfrýjunarstefna að nýju að fengnu áfrýjunarleyfi, svo sem segir í upphafi dóms þessa. Með því að afla ekki áfrýjunarleyfis í öndverðu og með því að hefjast ekki handa um að fá úr því bætt, fyrr en eftir að meira en 20 mánuðir voru liðnir frá uppsögn héraðsdóms, hefir nefndur hæstaréttarmálflutningsmaður stofnað hagsmunum umbjóðanda síns í hættu, þar eð hann gat tæplega vænt þess, að áfrýjunarleyfi yrði veitt,

er svo langt var um liðið, og verður því að víta hann fyrir vangæzlu þessa.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Björgvin Jónsson, greiði áfrýjanda, Víbekku Jónsdóttur, kr. 3035.20 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1937 til greiðsludags og samtals 600 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. marz 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 5. febrúar 1937 af Valdimar Ólafssyni innheimtumanni. Freyjugötu 28 hér í bæ, f. h. konu hans, Víbekku Jónsdóttur, gegn Guðmundi Ögmundssyni bifreiðarstjóra, Spítalastíg 1, Váttryggingarfélaginu Baltica og Björgvin Jónssyni trésmið, Bjarnarstíg 4 hér í bænum, og krefst stefnandi þess aðallega, að stefndur Guðmundur og stefnt váttryggingarfélag verði in solidum dæmd til að greiða sér skaðabætur að upphæð kr. 6096.80 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1937 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndur Guðmundur verði einn dæmdur til að greiða nefndar upphæðir, og til þrautavara, að stefndur Björgvin verði einn dæmdur til að greiða þær. Í tilefni af vara- og þrautavarakröfunni hefir nefndu váttryggingarfélagi verið stefnt til að gæta réttar síns.

Í flutningi málsins hefir stefnandi haldið við aðalkröfu sína og þrautavarakröfu, en hinsvegar hefir hann fallið frá varakröfunni, og verður því hérgreind þrautavarakrafa hans varakrafa í málinu.

Hin stefndu krefjast öll hvert fyrir sig aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þeir, að 25. júlí s. l. lögðu þau Valdemar Ólafsson, kona hans Vibecca Jónsdóttir, Lilja Friðjónsdóttir, Guðmundur Ögmundsson og Björgvin Jónsson af stað héðan úr bænum í skemmtiferðalag, og var förinni heitið norður að Mývatni. Fóru þau héðan á skipi upp í Borgarnes, en þaðan óku þau í fólksflutningsbifreiðinni R. E. 1094, sem er eign stefnds Björgvins, en váttryggð hjá stefndu váttryggingarfélagi. Á leiðinni norður stýrðu stefndir Björgvin og Guðmundur bifreiðinni til skiptis. 26. júlí voru þau stödd í Öxnadal á norðurleið. Stýrði þá stefndur Guðmundur bifreiðinni um stund eftir ósk allra, sem í henni voru. Þegar komið var á móts við Gloppu, fór bifreiðin til vinstri út af veginum og valt á hliðina. Þar, sem þetta skeði, er vegurinn beinn, en mjór og með lágu gras-kanti, en utan við sjálfan veginn er „grjótlaus jarðvegur“. Hraði bifreiðarinnar var ca. 15 km. á klst., og aksturinn á allan hátt gætilegur. Bifreiðarstjórinn (stefndur Guðmundur) var vel fyrir kallaður og hafði ekki neytt áfengis og virtist athygli hans ekki beinast að neinu öðru en akstrinum. Umferð var engin og sólarlaust, en hjart af degi. Þegar bifreiðin ók út af, sat stefnanda (Vibecca) við hlið stefnds Guðmundar í ekilsætinu til vinstri í bifreiðinni, þar eð ekilsætið er hægra megin í henni. Í veltunni opnaðist vinstri framhurðin, án þess að ljóst sé, hversvegna, og lagðist fram með vélarhúsinu. Föll stefnanda þá að nokkru leyti út um dyrnar og varð á milli bifreiðarinnar annarsvegar og jarðarinnar hinsvegar og hlaut af því veruleg meiðsl, aðallega í andliti (á nefi).

Það, sem nú hefir verið sagt um útafaksturinn og slysið, er allt samkvæmt samhljóða framburði Valdemars Ólafssonar og stefndra Guðmundar og Björgvins fyrir lögreglu-rétti Reykjavíkur. Enginn nefndra manna kveðst geta gert sér grein fyrir orsök slyssins, og ekki liggur neitt fyrir, er bendi sérstaklega til þess, að bilun á bifreiðinni sjálfri né heldur vegkanti hafi valdið því.

Tjón það, sem stefnandi beið við slysið, telur hún nema kr. 1096.80, og með því að hún telur hin stefndu bera ábyrgð á því gagnvart sér, hefir hún nú stefnt þeim í máli þessu til greiðslu þess ásamt bótum fyrir þjáningar og andlits-skemmdir, að upphæð kr. 5000.00.

Um aðalkröfu stefnanda athugast, að í henni er gerð

sjálfstæð krafa á hendur váttryggingarfélaginu Baltica, sem bifreiðin var tryggt hjá. En þar eð telja verður það óheimilt í máli gegn bifreiðarstjóranum eða eiganda bifreiðarinnar út af slysinu, þá verður ekki lagður dómur á kröfuna gegn tryggingarfélaginu í máli þessu, og visast málinu því frá dómi að því er tryggingarfélagið snertir, og ber að dæma stefnanda til að greiða því málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 70.00 kr.

Í flutningi málsins lýsti umboðsmaður stefnanda því yfir, að ef ekki þætti fært að dæma tryggingarfélagið og stefndan Guðmund in solidum til greiðslu bótanna, þá óskaði hann ekki, að stefndur Guðmundur yrði dæmdur til bótagreiðslu. Nú hefir stefndur Guðmundur krafizt sýknu, og með því að þeirri kröfu hans hefir ekki verið mótmælt sérstaklega, þá ber að taka hana til greina og sýkna hann af frumkröfu stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart honum falli niður.

Varakröfuna byggir stefnandi á því, að hún hafi verið farþegi í umræddri bifreið, þegar slysið varð, enda hafi hún greitt fargjald. Bifreiðin hafi því í umrætt skipti verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu bifreiðarlaganna og skipti ekki máli hér, þótt bifreiðin hafi annars verið einkabifreið, því að þegar skera eigi úr um það, hvort bifreiðin hafi verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu 15. gr. bifreiðalaganna, þá eigi að fara eftir því, í hverskonar notkun bifreiðin hafi verið, þegar slysið varð, en ekki eftir því, hvernig bifreiðin að jafnaði var notuð. Og þar sem ekki sé sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir það, þótt ökumaður hefði sýnt alla þá varkárni, er honum var skylt, en það telur hún óupplýst, né heldur að stefnandi sjálf eða þriðji maður hafi valdið slysinu af ásettu ráði eða vitaverðri óvarkárni, þá beri stefndur Björgvin ábyrgð á því samkvæmt 15. gr. bifreiðalaganna, og beri honum að bæta það.

Stefndur Björgvin byggir sýknukröfu sína á því, að bifreiðin hafi ekki í umrætt skipti verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu 15. gr. bifreiðalaganna, og þar sem um ábyrgð hjá sér fyrir tjóninu geti heldur ekki orðið að ræða samkvæmt almennum skaðabótareglum, beri að sýkna sig í máli þessu.

Það er upplýst í málinu, að þeir, sem í bifreiðinni voru

í þetta skipti, voru allt góðir kunningjar, og heldur stefndur Björgvin því fram, að þeir hafi allir átt að greiða kostnað við ferðina hlutfallslega í félagi og hafi hann átt að reiknast út að lokinni ferðinni, en Valdemar hafi þó greitt sér fyrirfram kr. 82.00, sem aðeins hafi verið „slumpupp-hæð“. Hafi þessi greiðsla verið fyrir Valdemar, stefnanda og Lilju, sem hafi verið á vegum Valdemars, gengið m. a. til þess að kosta flutning bifreiðarinnar með skipi frá Reykjavík til Borgarness. Stefndur Björgvin hefir og haldið því fram ómótmælt, að hann hafi ekkert átt að fá fyrir notkun sjálfrar bifreiðarinnar.

Stefnandi telur sig hinsvegar hafa greitt stefndum Björgvin nefnda upphæð kr. 82.00 sem fargjald, en svo hafi verið um samið, að hún skyldi bæta stefnanda upp, þ. e. greiða meira, ef þessi greiðsla reyndist ekki nóg.

Samkvæmt þessu verður rétturinn að telja, að upphæð sú, sem Björgvin fékk greidda, áður en ferðin hófst, hafi ekki verið annað en greiðsla upp í hlutfallslegan kostnað Valdemars, stefnanda og Lilju af ferðinni, og því ekki raunverulegt fargjald, enda hafi þau ekki átt að greiða fargjaldið, heldur hlutfallslegan kostnað af ferðinni. Verður því að telja, að bifreið stefnanda hafi í umrætt skipti ekki verið til afnota fyrir almenning gegn borgun í merkingu 15. gr. bifreiðalaganna, og með því að ekkert liggur fyrir, er bendi til þess, að stefndur Björgvin beri ábyrgð á slysinu samkvæmt almennum skaðabótareglum, ber að taka sýknukröfu hans til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að því visast frá dómi að því er stefnt váttryggingarfélagið Baltica snertir, og verður stefnandi dæmdur til að greiða því málskostnað eins og áður segir.

Stefndir Guðmundur og Björgvin verða sýknaðir af kröfum stefnanda, en gagnvart þeim fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá dómi að því er snertir stefnt Váttryggingarfélagið Baltica, og greiði stefnandi, Valdemar Ólafsson f. h. Víbekku Jónsdóttur, því kr. 70.00 í málskostnað.

Stefndir Guðmundur Ögmundsson og Björgvin Jónsson eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda og falli málskostnaður gagnvart þeim niður.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1939.

Nr. 102/1937. **H/f Nafta** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sigurði Þ. Skjaldberg

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur vegna vanefnda á samningi um vöruflutninga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. sept. 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2537.00 eða aðra lægri upphæð eftir mati dómsins með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1936 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í marzmánuði 1936 ákváðu stefndi, Alpýðubrauðgerðin og Haukur Björnsson að taka í félagi skipið „Nurgis“ á leigu til farmflutnings frá Englandi og Danzig til Reykjavíkur fyrir ca. 700 sterlingspund. Átti hver þeirra að ráðstafa $\frac{1}{3}$ hluta af farmrými skipsins og með þeim hætti, að því er telja má upplýst, að hagnaður og tap, ef því yrði að skipta, skiptist milli þeirra með sama hætti. Haukur Björnsson fyllti sinn hluta, þar á meðal með því að heita á-